

Stefnendur hafa haft kostnað af máli þessu samkvæmt fram-
lögðum reikningum, kr. 7.700, auk réttargjalda, eða samtals kr.
10.000.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda fyrir héraðs-
dómi, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast kr.
30.000 með tilliti til gjafsóknarleyfis stefnanda. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, samtals kr. 40.000, greiðist úr ríkissjóði.

Dóm þennan kvað upp Jón Eysteinnsson.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurbergur Baldursson, Friðbergur Þór Leósson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Guðbjarts Kristinssonar, fyrir sjálfan sig og ófjárráða börn sín, Guðbjörgu, Hafþór, Kristín og Jóhönnu, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 40.000, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 20. desember 1976.

Nr. 98/1975. **Jón Magnússon**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Herði Helgasyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einasson og Þór Vilhjálmsson.

Verðtrygging. Gengi.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur afrýjað máli þessu með stefnu 30. júlí 1975. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum víxilskuld að fjárhæð 164.40 sterlingspund ásamt 1½%

dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 8. maí 1974 til 15. júlí s. á. og 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags svo og 100 krónur í stimpilkostnað. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi er lýst, er í máli þessu einungis deilt um, eftir hvaða gengi skuli greiða víxlana í íslenskum krónum.

Áfrýjandi telur, að varnir, byggðar á því, að beita beri ákvæðum laga nr. 71/1966 um víxla þessa og greiðslu þeirra, komist ekki að í máli þessu vegna ákvæða 208. gr. laga nr. 85/1936.

Fallast má á þá úrlausn héraðsdóms, að varnir, byggðar á lögum nr. 71/1966, megi komast að í málinu.

Víxlar þeir, sem í málinu greinir, eru gefnir út í Lundúnum, og telja aðiljar þá hafa verið til greiðslu á tveimur flugfarseðlum, sem stefndi keypti þar af Loftleiðum h/f. Áfrýjandi byggir þó ekki á þessu atriði í málflutningi sínum, og telja aðiljar, að líta beri á skuldbindingar stefnda samkvæmt víxlunum sem skuldbindingar í erlendum gjaldeyri milli aðilja búsettra hér á landi. Eiga ákvæði 1. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966 því við um skipti þessi samkvæmt grunnrökum sínum. Verður því að telja, að stefnda sé aðeins skylt að greiða áfrýjanda umrædda víxla með íslenskum krónum miðað við sölugengi sterlingspunds í Reykjavík 2. apríl 1974.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um vexti og málskostnað.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 30.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Hörður Helgason, greiði áfrýjanda, Jóni Magnússyni, 164.40 sterlingspund í íslenskum krónum eftir sölugengi sterlingspunds í Reykjavík 2. apríl 1974 ásamt 1½% vöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mán-

uði frá 8. maí 1974 til 15. júlí s. á., 2% vöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags svo og 100 krónur í stimpilkostnað.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. maí 1975.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 11. desember 1974. Málið var höfðað sem áskorunarmál, en því var vikið til venjulegrar víxilmeðferðar á bæjarþinginu 6. febrúar sl. Munnlegur málflutningur fór fram þann 9. maí sl., og var málið dómtekið að honum loknum.

Stefnandi máls þessa er Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður, Vesturgötu 17, Reykjavík. Stefndi er Hörður Helgason, Litlagerði 18, Hvolsvelli.

Stefnandi gerir þær kröfur í málinu, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum £ 164.40 með 1½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 8. maí 1974 til 15. júlí 1974, en með 2% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, kr. 100 í stimpilkostnað og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða þá upphæð í íslenskum krónum, er samsvari hinni erlendu upphæð á því gengi, sem gildi, þegar stefndi samþykkti víxla þá, sem greint verður frá. Enn fremur er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Umrædd skuld er skv. tveimur eigin víxlum, útgefnum af stefnda í London 2. og 4. apríl 1974. Annar er að fjárhæð £ 45.00 og hinn að fjárhæð £ 119.40. Víxlar þessir bera með sér gjalddagana 8. maí 1974. Á víxlunum er Verslunarbankinn tilgreindur ávísunarhafi (sic), en hann hefur framselt stefnanda víxlana. Víxlarnir eru út gefnir af stefnda vegna viðskipta hans við Flugfélag Íslands h/f í London. Er enginn ágreiningur um það í málinu, að fjárskuldbinding þessi er milli aðilja búsettra hér á landi. Kröfugerð stefnanda er við það miðuð, að stefnda verði gert að

greiða framangreindar fjárhæðir miðað við gengi íslenskrar krónu eins og það verður á greiðsludegi. Telur stefnandi, að varnir stefnda, eins og þeim er lýst hér á eftir, komist ekki að í máli þessu, enda sé málið rekið skv. 17. kafla laga nr. 85/1936. Í annan stað telur stefnandi, að dómkröfurnar eigi efnislega fullan rétt á sér. Þær hafi næga stoð í 41. gr. víxillaga nr. 93/1933, en lög nr. 71/1966 hafi í engu hróflað við gildi þeirra.

Stefndi telur hins vegar, að stefnukrafa fari í bága við fyrrgreind lög nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, enda sé fjárskuldbindingin skv. víxlunum á milli íslenskra aðilja, búsettra hérlandis. Því beri að greiða víxlana á því gengi, sem gildi, er víxlarnir voru samþykktir.

Víxlar þeir, sem fram eru lagðir í málinu, eru í lögmætu formi. Kröfur stefnanda, sem eru miðaðar við gengi víxilfjárhæðanna á gjalddaga, eru hins vegar í andstöðu við 1. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, en fjárskuldbinding samkvæmt víxlunum er milli aðilja, búsettra hér á landi.

Af framansögðu leiðir, að varnir í máli þessu eru leyfilegar að því marki sem kröfugerð hefur ekki stoð í lögum.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfur stefnanda til greina. Miða skal þó við gengi sterlingspunds gagnvart íslenskri krónu á útgáfudegi víxlanna. Eftir atvikum má hér miða við 2. apríl 1974. Vaxtakröfu og stimpilkostnaðar hefur ekki verið mótmælt. Ber að taka þær til greina. Málskostnaður á að falla niður.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Helgason, greiði stefnanda, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, £ 164.40, miðað við gengi sterlingspunds gagnvart íslenskri krónu þann 2. apríl 1974, ásamt 1½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 8. maí 1974 til 15. júlí s. á., en með 2% ársvöxtum (svo) frá þeim degi til greiðsludags og kr. 100 í stimpilkostnað.

Málskostnaður fellur niður.

Framangreindar fjárhæðir ber að greiða innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.